

Ed.

1023. Breytingartillögur

[82. mál]

við frv. til l. um Ríkismat sjávarafurða.

Frá Skúla Alexanderssyni.

1. a) Heiti II. kafla verði: **Stjórn stofnunarinnar**.
b) Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Komi upp vandi við mat og útflutning sjávarafurða sem er faglegs og/eða viðskiptalegs eðlis er ráðherra heimilt að leita ráðgjafar hjá mönnum utan ráðuneytis og Ríkismats sjávarafurða, telji hann þess þörf.
2. Við 5. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo: Skrifstofa Ríkismats sjávarafurða annast almenn skrifstofustörf, fjárhags- og kostnaðaráætlanir, svo og o. s. frv.
3. Við 6. gr. Fyrri málslíður orðist svo: Ríkismat sjávarafurða starfar í þremur deildum, afurðadeild, ferskfiskdeild og hreinlætis- og búnaðardeild. Ráðherra skipar til fjögurra ára í senn, samkvæmt umsögn fiskmatsstjóra, forstöðumann fyrir hverja deild.
4. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
Hreinlætis- og búnaðardeild hefur eftirlit með búnaði og hreinlæti í fiskiskipum og flutningatækjum fyrir afla og gefur út hæfnisvottorð til fiskiskipa. Enn fremur annast deildin útgáfu vinnsluleyfa til vinnslustöðva en þau staðfesta að viðkomandi vinnslustöð fullnægi settum reglum um hreinlæti og búnað. Óheimilt er að verka eða vinna sjávarafurðir til útflutnings án slíks vinnsluleyfis.
5. Við 10. gr. 4. málgr. falli niður.
6. Við 11. gr. 2. málgr. falli niður.
7. Við 14. gr. 3. málgr. falli niður.
8. Við 20. gr.
 - a) Orðin: „sé þess óskað“ í 1. og 2. másl. 1. mgr. falli niður.
 - b) Í stað orðsins „fiskmatsráði“ í 1. másl. 1. mgr. komi: Ríkismati sjávarafurða.
 - c) 2. mgr. falli niður.
9. Við 22. gr. Í stað fyrri másl. komi: Ef ágreiningur rís vegna fiskmats eða eftirlits sker yfirmatsmaður úr. Heimilt er að vísa slíkum ágreiningi til forstöðumanna deilda og fiskmatsstjóra.
10. Á eftir 23. gr. komi ný gr. sem verði 24. gr. og orðist svo:
Fiskmatsstjóri, forstöðumenn deilda, fulltrúar og yfirmatsmenn hafa skyldur og njóta réttinda sem opinberir starfsmenn. Um laun þeirra fer eftir ákvæðum kjarasamninga ríkisstarfsmanna. Þeim er óheimilt að stunda nokkurn atvinnurekstur, sem lýtur að fiskverkun eða fiskverslun.
11. Ákvæði til bráðabirgða falli brott.